

Nefnda- og greiningasvið Alþingis

nefnasvið@althingi.is

**Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 71. mál á 154.löggjafarþingi**

Með tölvupósti dags. 9.nóvember 2023 er óskað umsagnar um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2020 um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir.

Lög nr. 80/2020 heimila Vegagerðinni að gera samninga við einkaaðila á grundvelli útboðs um nánar tiltekna framkvæmdir á þeim grundvelli að um samvinnuverkefni sé að ræða. Það felur í sér heimild til að semja við einkaaðila eftir atvikum um fjármögnun, hönnun og framkvæmdir viðkomandi verkefna. Þessi verkefni eru talin upp með tæmandi hætti í 2. mgr. 1. gr. laganna, liðir a)-f). Vegagerðin hefur þegar boðið út og samið við einkaaðila um framkvæmdir við Hringveg um Hornafjarðarfljót skv. b) lið 2. mgr. 1. gr. Útboð við byggingu nýrrar brúar á Hringvegi yfir Ölfusá er hafið, undirbúningur við Axarveg skv. c) lið er langt kominn og unnið er að undirbúning framkvæmda við Sundabraut skv. f) lið.

Lög um samvinnuverkefni miða að því að innleiða þá aðferðafræði við framkvæmdir á vegakerfinu að virkja aðkomu einkaaðila að því að koma í kring mikilvægum samgöngubótum á þjóðvegakerfinu. Í því skyni gera löginn kleift að tiltekin verkefni sem þykja henta vel til þess að vinnast á þessu formi verði heimilud sem samvinnuverkefni. Verkefnin eiga það sammerkt annars vegar að vera mjög umfangsmikil eins og Sundabraut og Hvalfjarðargöng eða önnur umfangsminni sem fela í sér tækifæri til styttinga ferðatíma eða vegalengda.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er lögð til almenn heimild sem nær til ótilgreindra framkvæmda. Er það í ósamræmi við þá megin stefnu laganna sem að framan er lýst. Ef útvíkka ætti heimildir til slíks mætti að mati Vegagerðarinnar skoða fremur þörf á að endurmeta þetta fyrirkomulag út frá fenginni reynslu og endurskoða löginn í heild sinni með tilliti til þess hvort þetta fyrirkomulag framkvæmda henti í öðrum tilvikum en þeim sem löginn tilgreina.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga að uppbyggingu verkefna á þjóðvegakerfinu. Vegagerðin telur ekki miklar líkur á að sveitarfélög almennt verði tilbúin til að takast á hendur skuldbindingar vegna framkvæmda á þjóðvegakerfinu. Í vegalögum nr. 80/2007 er heimild fyrir sveitarfélög að taka að sér veghald héraðsvega í sveitarfélaginu. Ekkert sveitarfélag hefur óskað eftir því að taka að sér veghald héraðsvega.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Verði talið rétt að fara þá leið sem hér um ræðir bendir Vegagerðin á að skoða þyrfti nánar ákvæði sveitarstjórnarlaga með tilliti til heimilda sveitarfélaga til að taka þátt í stofnun félaga með einkaaðilum sem og til að stofna til skuldbindinga og ábyrgða í því sambandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði framlagi til félags í einkaeigu úr ríkissjóði í gegnum samgönguáætlun. Vegagerðin bendir á að skoða þyrfti nánar hvort sú tilhögun sem lögð er til samrýmist lögum um opinber fjármál.

Verði sú leið farin að heimila sveitarfélögum að taka þátt í þjóðvegaframkvæmdum með þessum hætti þyrfti að skýra hvort ábyrgð á veghaldi viðkomandi vega á framkvæmda og rekstrarstigi færist frá Vegagerðinni sem veghaldara þjóðvega til viðkomandi sveitarfélags.

Loks bendir Vegagerðin á að útfæra þarf aðkomu Vegagerðarinnar að því að skilgreina kröfur til mannvirkja og þjónustustigs þar sem um þjóðvegi er að ræða. Mikilvægt er að tryggja að kröfur til viðkomandi vega séu sambærilegar við það sem gildir varðandi aðra þjóðvegi með tilliti til öryggis og greiðfærni.

Vegagerðin fagnar þeim áhuga sem fram kemur í frumvarpinu á því að flýta uppbyggingu og endurbótum á tengivegum á landsbyggðinni. Töluvert hefur áunnist á því sviði á undanförunum árum. Á árunum 2018-2022 var ráðstafað um 8.600 m.kr. til lagningar bundins slitlags á tengivegi. Lagt var bundið slitlag á 328 km. af stofn- og tengivegum eða um 65 km á ári að meðaltali. Nokkuð hefur því áunnist en betur má ef duga skal og fagnar Vegagerðin allri viðleitni í þá veru að flýta því verki að leggja bundið slitlag á umferðarmeiri tengivegi landsins. Er lagt til að allar leiðir verði skoðaðar í því sambandi og þar á meðal eftir atvikum aukin aðkoma sveitarfélaganna og einkaaðila.

Með vísan til framangreinds er það afstaða Vegagerðarinnar að skoða þurfi nánar allar forsendur málsins og kanna með hvaða hætti unnt sé að flýta því mikilvæga verkefni að byggja upp tengivegakerfi landsins.

Síða 2/2

Vegagerðin

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur Valur Guðmundsson

Undirskrift